

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarstrandarhrepps 2002-2014, iðnaðar- og hafnarsvæði við Digralæk, Hvalfjarðarsveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 18. desember 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarstrandarhrepps 2002-2014 frá 18. maí 2006.

Breytingin felst í því að 48 ha svæði við Digralæk, áður skilgreint sem varnarsvæði, breytist í landbúnaðarsvæði og iðnaðar- og hafnarsvæði. Rúmlega 18 ha svæðisins sem áður var notað sem oliubirgðastöð, með fjórum niðurgrofnum tönkum, bryggju og fleiri mannvirkjum, breytist í iðnaðar- og hafnarsvæði. Þar verða mannvirki óbreytt og í sams konar notkun og áður. Um 30 ha af svæðinu breytast í landbúnaðarsvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 18. desember 2008.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2009